

FORSÆTISNEFND 29. janúar 2021: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksin um kolefnisbókhald um ferðir borgarfulltrúa - R21010304

Forsætisnefnd samþykkir að haldið verði kolefnisbókhald yfir flugferðir borgarfulltrúa innanlands sem utan. Slíkt bókhald yrði til þess fallið að veita borgarfulltrúum aðhald og meta nauðsyn og tilgang þeirra ferða sem farnar eru. Reykjavíkurborg á að vera í fararbroddi þegar kemur að gagnsærri stjórnsýslu. Ljóst er að kolefnisfótspor eru komin til vera sem mælieining sem gerir okkur meðvitaðri um þau spor sem við skiljum eftir okkur með m.a. með flugferðum.

Greinargerð:

Markmiðið með slíkri tillögu er að dregið verði úr kolefnisfótsporum kjörinna fulltrúa með þeim hætti að fækka utanlandsferðum þeirra og nýttar verði aðrar leiðir í auknum mæli til að vera í erlendu samstarfi s.s. með fjarfundabúnaði þegar því verður við komið. Reynslan af því á tímum Covid hefur sýnt fram á að draga megi verulega úr utanlandsferðum kjörinna fulltrúa. Ef við viljum að aðgerðir í loftlagsmálum verði teknar alvarlega svo að markmiðum þeirra verði náð er nauðsynlegt að borgarfulltrúar byrji á sjálfum sér því eftir höfðinu dansa limirnir.